

Fréttabréf AFLs

2. tbl. 2023

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson



Uppsagnir hjá Múlaþingi

Á sjötta tug félagsmanna sem starfa í grunnskólum Múlaþings var sagt upp hluta ráðningarkjara í lok janúar s.l. Félagsmennirnir vinna ýmis störf í grunnskólunum s.s. stuðningsfulltrúar, skólaliðar, húsverðir og fleira. Þrátt fyrir að liðnir séu hátt í tveir mánuðir frá uppsögninni er enn ekki ljóst hvaða breytingar er verið að boða, en ágreiningur er á milli AFLs og Múlaþings um framkvæmd málsins.

Upphafleg tilkynning um uppsögn ráðningarkjara tók sérstaklega til launaðra daga í skólahléum t.d. á milli jóla og nýárs og í kringum páska, en hefðbundið er í flestum skólum í Múlaþingi að þessir félagsmenn AFLs eins og aðrir starfsmenn skólanna fái frí þessa daga án skerðingar á launum.

Í framhaldinu hefur síðan verið sett á fót vinnutímateymi, sem á að fjalla um styttingu vinnutíma og þá mögulega með framsali kaffitíma og annarra neysluleá. Ein hugmyndin sem fram hefur komið er að vinnutímastyttingunni verði safnað saman yfir árið og hún látin ganga á móti þessum dögum þegar skólastarf liggur niðri hvort eð er.



Frá starfsdegi grunnskólanna í fyrra.

Hugmyndin við styttingu vinnutíma var hins vegar að hinn reglubundni vinnutími styttest- þ.e. styttingin væri dagleg, vikuleg eða mánaðarleg. Stytting vinnutíma hófst með kjarasamningum við ríkisstofnanir og hefur starfshópurinn „Betri vinnutími“ verið í forystu í þessum breytingum og gefið út kynningarefni. Í kynningarefni hópsins er aldrei reiknað með að styttingin komi til framkvæmda sjaldnar en mánaðarlega.

Einhliða ákvörðun um breytt ráðningarkjör óheimil

Í sjálfu sér er ekki ágreiningur á milli AFLs og Múlaþings um að sveitarfélaginu sé heimilt að segja upp hluta ráðningarkjara hvort heldur þau séu bundin í ráðningarsamninga eða hefðbundin – en Múlaþing heldur því fram að sveitarfélaginu sé heimilt að tilkynna um breytingar á ráðningarkjörum án þess að um uppsögn sé að ræða.

Lögmaður Alþýðusambandsins er sammála sjónarmiði AFLs í því að hér sé um að ræða uppsögn á kjörum starfsmanna og sætti starfsmaður sig ekki við breytingar geti hann litit svo á að um uppsögn á starfi sé að ræða.

Því hafnar Múlaþing sem krefur starfsmenn um að þeir segi upp störfum geti þeir ekki fallist á boðaðar breytingar. Þessi afstaða er með öllu óskiljanleg og virðist til þess eins fallin að skerða réttindi starfsmanna sem ekki fallast á hinar duldu breytingar.

Nýjustu vendingar í málinu eru þær að Múlaþing hefur vísað ágreiningnum til samstarfsnefndar sammingsaðila, sem eru Samband íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasamband Íslands, til úrskurðar. Á meðan beðið er úrskurðar nefndarinnar liggur vinna við skoðun á vinnutímastyttingu niðri.

Múlaþing hefur lýst því yfir að sveitarfélagið muni una úrskurði samráðsnefndarinnar, en AFL hefur ekki gefið út slíka yfirlýsingu enda hefur félagið áður haldið málum áfram þrátt fyrir „tap“ fyrir úrskurðarnefnd en unnið mál síðan fyrir Félagsdómi.

1. maí 2023

Réttlæti - jöfnuður - velferð verður slagorð 1. maí að þessu sinni. Unnið er að skipulagi dagskrár fyrir hátíðarhöld félagsins sem verða með svipuðu sniði og á síðasta ári.

Félagið mun bjóða félagsmönnum sínum og öðrum velunnurum verkalyðsbaráttu til „súpufundar“ þ.e. léttra veitinga í hádeginu á þessum baráttudegi verkafólks. Stutt erindi verður flutt í tilefni dagsins.

Fyrsta maí ber að þessu sinni upp á mánudag og má því búast við að margir félagsmanna noti helgina til útivistar og er því ekki búist við mikilli aðsókn á þennan árlega baráttufund félagsins.

Aðalfundur

Aðalfundur AFLs verður 22. apríl n.k á hótél Héraði - Berjaya Iceland Hotels, Miðvangi 1-7, Egilsstöðum, kl. 15:00



Til góðra verka!

- 1) Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
- 2) Reikningar félagsins kynntir og bornir upp til samþykktar
- 3) Breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs
- 4) Kjör stjórnar, varastjórnar og trúnaðarráðs
- 5) Kjör til annarra stjórnar og ráða félagsins sbr. lög þess
- 6) Kjör félagslegra skoðunarmanna
- 8) Ákvörðun félagsgjalds
- 9) Önnur mál
 - a) Laun stjórnar
 - b) Kosning fulltrúaráðs Stapa
 - c) Framlag í menntasjóð IMA

Að loknum fundi verður boðið upp á kvöldverð.

Ferðir verða skipulagðar frá þéttbýlisstöðum á félagssvæðinu. Til að tryggja sér ferð á fundinn og sæti við kvöldverðarborðið er nauðsynlegt að skrá þátttöku á skrifstofu AFLs eða með pósti á asa@asa.is

Sjómannasamningar – hvað næst?

Samningar, sem samninganefnd Sjómannasambands Íslands og VM, Sjómannafélag Grindavíkur og Skipstjórafélagið skrifuðu undir 9. febrúar sl. voru felldir með miklum mun í kosningum. Kjörsókn innan Sjómannasambandsins var ásættanleg og niðurstaðan því skýr – sjómenn höfnuðu þessum samningi.

Niðurstaðan olli mörgum forystumönnum sjómannafélaga víða um land nokkrum vonbrigðum, enda töldu margir að hér hefðu náðst býsna góðir samningar. Í framhaldinu hafa verið einhverjar þreifingar á milli Sjómannasambandsins og SFS, en ekki hafa verið boðaðir formlegir fundir í deilunni enn þá.

Samfélagsumræða um sjómannasamninga hefur verið mjög hörð og óvægin síðasta áratug og er sennilega leitun að jafn harðri umræðu um kjarasamninga. Vinsælum Facebook-síðum er haldið úti þar sem fjallað er um málefni sjómanna – en forystumenn sjómanna eru yfirleitt útilokaðir frá þeim síðum og ummælum þeirra eytt út – ef einhverjir koma að kommenti.

Í kjölfar samninganna núna, eins og gerðist í nóvember 2016, fór af stað mjög hörð umræða og viðhorf manna til samningsins var mjög neikvæð. Að mati forystu Sjómannasambandsins var umræðan á talsverðum villigötum og mikið um rangfærslur. Það reyndist erfitt og nánast ómögulegt að koma skýringum á framfæri við sjómenn og kynningarfundir voru almennt mjög illa sóttir.

AFL Starfsgreinafélag hélt í raun aðeins einn kynningarfund og bauð upp á þátttöku í gegnum fjarfundabúnað, en aðeins örfáir nýttu sér það. Það hafði áhrif í þessu sambandi að loðnuvertið stóð sem hæst og það reyndist erfitt að ná sambandi við félagsmenn. Þó var reynt að senda út kynningarefni og bjóða upp á kynningarfundir, samtöl eða skýringar en viðbrögð bárust frá sárafáum.

Áhöfnin á Ljósafellinu bað um kynningarfund og var hann haldinn að ósk þeirra og jafnframt öðrum boðið að mæta eða tengja sig inn á fundinn – en eins og áður segir þáðu það fáir.

Hvað var í samningnum?

Forysta Sjómannasambandsins var búin að gera sér grein fyrir þeirri neikvæðu umræðu sem var í gangi og var reynt að svara helstu atriðum sem talin voru upp sem ágallar á samningnum.



Frá kynningu á síðustu samningum innan sjómannadeildar AFLs.

1. Tímalengd samnings – samningurinn var til 10 ára. Sjómenn hafa verið með gildandi kjarasamning í 3 af síðustu 12 árum. Hin árin hafa þá launaliðir haldist óbreyttir þannig að samninganefnd sjómanna mat það mikilvægara að vera með gildandi kjarasamning til lengri tíma heldur en að sjómenn lifðu við það árum saman að vera í raun samningslausir. Samningsleysi sjómanna hefur verið þeim dýrkeypt síðustu ár og þannig hefur kauptrygging þeirra staðið í stað síðan 2019 sem og allir launaliðir.

Að auki var samningurinn með uppsagnarákvæði – sem hægt var að virkja eftir fjögur ár ef forsendur hans hefðu brugðist verulega.

2. Kostnaðarþátttaka sjómanna í auknum lífeyrisgreiðslum – krafa sjómanna hefur verið að útgerðin greiddi að fullu 3,5% viðbótarframlag í lífeyrissjóð til að jafna lífeyriskjör sjómanna við aðrar stéttir. Af sjómönnum eru í dag greidd 12% heildarlauna í lífeyrissjóð og greiða sjómenn 4% en útgerð 8%. Af öðru launafólki eru greidd 15,5% í lífeyrissjóð.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi hafa alltaf hafnað kröfu um auknið framlag í lífeyrissjóð og leit út fyrir að tekist yrði á um þetta atriði með verkföllum og átökum. Í fellda samningnum var gert ráð fyrir að sjómenn greiddu um það bil þriðjung aukins framlags og útgerðin tvo þriðju hluta þess. Það þýddi í raun að skiptaprósenta þeirra sem kusu að auka lífeyrisframlag hefði lækkað um 0,8% og t.d. fyrir mann

á loðnuveiðum og miðað við 100 milljón króna aflaverðmæti hefðu útborguð laun lækkað um ca 10.000 kr. en framlag í lífeyrissjóð hækkað um 54.000 kr.

Sjómenn virðast hins vegar hafna alfarið þátttöku í greiðslu fyrir aukningu lífeyrisréttinda.

3. Breyting á skiptaprósentu – þeir sem hefðu kosið að auka ekki framlag í lífeyrissjóð hefðu getað valið 0,5% hækkun á skiptaprósentu – þannig að menn hefðu líka getað farið þá leið.

4. Breyting á skiptaprósentu – í samningnum var miðað við að leggja af olíuverðsviðmið og skipta hér eftir úr 100%. Í óformlegri könnun sem Sjómannadeild AFLs gerði fyrir nokkrum árum – var mikill stuðningur við þessa hugmynd. Nú virðast menn búast við olíuverðslækkunum í framtíðinni þannig að hlutdeildin lækki og skiptaprósenta hækki þannig. Mat forystu Sjómannasambandsins var að ólíklegt væri að olíuverð lækki og þar sem flotinn er á fullu í orkuskiptum – væri rétti tíminn til að fá þetta ákvæði út – núna.

5. Grein 1.39 – um heimild til sérstakra samninga við umtalsverðar breytingar á veiðum eða vinnslu skipa. Það var tiltölulega illskiljanlegt hvað umræða um þessa grein var hörð – en greinin hefur verið í kjarasamningi sjómanna frá 2004. Eina breytingin nú – var að sett var inn ákvæði um sérstakan gerðardóm ef ekki næðist samkomulag. Þessi

grein getur verið, að mati forystu Sjómannasambandsins, ekki síður mikilvæg fyrir sjómenn en útgerðarmenn. Umræddur gerðardómur átti að vera skipaður einum fulltrúa sjómanna, einum fulltrúa útgerðar og einum sem aðilar skipa sameiginlega. Greinin er hugsuð þannig að ef sannanlega eru aukin aflaverðmæti við tiltekna breytingar eða nýjungar sé öðrum hvorum samningsaðila heimilt að óska samnings um breytta skiptaprósentu. Þrátt fyrir að hafa verið í samningi síðan 2004 hefur ákvæðið verið notað aðeins einu sinni – þ.e. við samning um skiptaprósentu á Sólberginu.

6. Veikindaréttur – veikindaréttur sjómanna er tryggður með sjómannalögum en ekki kjarasamningi. Sjómannalög voru skrifuð áður en skiptimannakerfi fóru að ryðja sér til rúms og því hefur framkvæmd veikindaréttar í skiptimannakerfum verið mismunandi og aðallega stuðst við dómafórdæmi Hæstaréttar. Þar eru reyndar misvísandi dómur og dæmi um að sjómenn hafi haldið fullum hlut í tvo mánuði (þrátt fyrir að reglubundin laun séu hálfur hlutur) á meðan aðrir hafa fengið hálfan hlut í tvo mánuði.

Með þessum samningi var reynt að auka gegnsæi veikindaréttar og tryggja að allir héldu reglubundnum launum sínum í allt að fjóra mánuði í veikindum. Samningurinn kvað á um að þeir sem fá alltaf hálfan hlut – halda því í allt að fjóra mánuði á meðan þeir sem róa á fullum hlut

en eru svo launalausir mánuði sem þeir róa ekki – fá þá fullan hlut þá mánuði sem þeir hefðu róið – þ.e. í allt að tvo fulla mánuði sbr. ákvæði sjómanna laga.

Engin önnur skjöl en samningurinn

Eins og áður segir varð umræða um samninginn mjög neikvæð á samfélagsmiðlum frá því hann var undirritaður. Það vekur athygli í þeirri umræðu að þeir sem harðastir eru í sinni afstöðu og fjalla af hvað mestri einurð um samninginn eru oft ekki starfandi sjómenn.

Sjómenn á miðri loðnuvertíð – gáfu sér ef til vill ekki tíma til að kynna samninginn heldur lásu ummælin og þá umfjöllun sem hæst bar – sem var almennt mjög neikvæð og afstaða þeirra mótaðist mögulega af því.

Forystumenn sjómannafélaga um landið voru yfirleitt sammála því að sjómenn væru frekar neikvæðir í garð samningsins en væru jákvæðari eftir skýringar og skoðun á samningnum. Því miður varð það svo að mæting á kynningarfundum var almennt mjög dræm.

Útgerðarfélög eru almennt mjög illa liðin í landinu og hafa mjög neikvæða ímynd og ræður það örugglega nokkuð um afstöðu fjölmargra til mála sem tengjast útgerðinni. Við heyrðum m.a. vísad til þess að framkvæmdastjóri SFS hefði verið brosandur á mynd frá undirritun samningsins og því hlyti samningurinn að vera eitthvað óþverraskjal. Aðrir og þá líka sjómenn margspurðu um „smáa letrið“ og þá með vísan til þess að samningurinn tæki til atriða sem ekki koma fram í því skjali sem var lagt fram til kynningar.

Ekkert annað en vankunnátta eða þekkingarleysi á kjarasamningum og gerð þeirra getur valdið þessu – því samningurinn sem var lagður til atkvæðagreiðslu er samningurinn í heild – það eru engin önnur skjöl eða „smátt letur“ því það eina sem tekur gildi við atkvæðagreiðslu er það skjal sem menn sjá og greiða atkvæði um.

Hvað næst?

Umræða á samfélagsmiðlum er veruleiki sem við búum við og er mikil breyting á stuttum tíma; frá því að kjarasamningar voru kynntir á fundum sjómanna og ræddir þar í þaula og síðan greidd atkvæði um þá og þá án aðkomu utanaðkomandi afla. Það verður hlutverk forystu sjómannaamtakanna að læra að lifa með þessum veruleika og finna andsvar við niðurrifandi umræðu.

Það er mat flestra sem aðkomu hafa af samningamállum sjómanna að það muni reynast mjög þungt að ná fram einhverjum marktækum

breytingum á þessum samningi án harðra vinnudeilna. AFL Starfsgreinafélag spurði félagsmenn sl. haust um vilja til verkfalla og reyndust um 70% sjómanna í AFLi tilbúnir til átaka. Á hinn bóginn virðist lítill vilji til verkfalla víðast hvar annars staðar.

Fiskverð hefur verið frekar hátt og aflabroð almennt góð og því vafamál hvort unnt verði að fá verkfallsheimildir hjá starfandi sjómönnum – þó ekki sé vafamál að þeir hinir sem blogga hvað mest um kjör sjómanna myndu veita þær heimildir samstundis. Vandamálið við það er að fæstir þeirra stunda sjó og því telja þeirra atkvæði ekki.

Það er þungt hljóð í mönnum beggja megin samningaborðsins og menn sjá ekki í fljótu bragði hvernig unnt er að bæta samninginn þannig að hann fengi meðbyr sjómanna. Það er ekki nóg að vera með lista af atriðum sem þarf að bæta – mótaðilinn þarf að vera tilbúinn til viðræðna og tilslakana ef samningar eiga að nást.

Verkfallið 2016 – 2017 var sjómönnum dýrt og einnig félögum sjómanna en eftirtekjan rýr. Sjómenn þurfa væntanlega að svara því á næstu mánuðum hvort þeir eru tilbúnir í annað eins verkfall og þá var háð – og þó ekki muni skorta brýningar á samfélagsmiðlum lendir kostnaðurinn alltaf á sjómönnum sjálfum.

AFL Starfsgreinafélag hefur talað fyrir því síðustu misseri að undirbúningur verkfallsaðgerða verði hafinn. Aðrir í forystu sjómanna sambandsins hafa ekki verið á sama máli. Um þetta var m.a. tekist á formannafundi SSÍ sl. haust og ráða privatskoðanir manna hér engu um – heldur reyna formenn aðildarféлага að flytja skoðanir félagsmanna sinna eins og þeir þekkja þær best. AFL studdist við niðurstöðu viðhorfskönnunar félagsins í afstöðu sinni, en formenn víða um land höfðu átt samtöl við fjölda starfandi sjómanna sem reyndust alfarið á móti verkföllum.

Ef það verður niðurstaða aðildarfélags Sjómanna sambandsins að hefja undirbúning verkfalla í kjölfar þess hvernig fór fyrir þessum samningi – þá mun AFL að sjálfsögðu standa þétt með öðrum félögum og sjómönnum innan SSÍ.

Á það ber að líta einnig að verkföll á uppsjávarskipum utan vertíðar hafa lítil áhrif þannig að til að verkfall biti – þarf það að vera á tíma sem almennt má búast við miklum tekjum – fyrir útgerð og áhöfn. Fórnarkostnaður manna getur því verið talsverður. Verkföll á bolfiskskipum bita ekki fyrr en eftir einhvern tíma því kvótinn syndir ekki á brott.



Bjartur NK121 á siglingu árið 2019. Mynd: Þór Jónsson, félagsmaður AFLs.

Það er því ljóst að það þarf að skipuleggja verkföll vel og tímasetningu þeirra þannig að þau hafi sem mest áhrif á svo skömmum tíma sem unnt er.

AFL Starfsgreinafélag verður tilbúið í slaginn.

*Sverrir Albertsson, formaður
Sjómanna deildar AFLs
Starfsgreinafélags.*

Aðalfundur deilda

Aðalfundum deilda félagsins, annarra en sjómanna deildar, er lokið. Fjórar deildir eru starfandi innan félagsins og fjalla þær um sérmálefni félagsmanna þeirra.

Deildir félagsins eru: Sjómanna deild, iðnaðarmanna deild, deild verslunar- og skrifstofufólks auk almennrar starfsgreina deildar sem er þeirra langstærst.

Aðalfundur Sjómanna deildar er venjulega á milli jóla og nýárs, en var frestað í vetur þar sem stjórn taldi að unnt yrði að fjalla um komandi verkföll á þeim fundi. Stjórn Sjómanna sambandsins taldi hins vegar rétt að halda áfram samningaumleitunum án verkfallsboðana.

Aðalfundur deildarinnar verður væntanlega boðaður þegar línur fara að skýrast í viðræðum Sjómanna sambandsins og SFS, þannig að fundurinn geti tekið afstöðu til þeirrar stöðu sem væntanlega verður farin skýrast.

Nýr samningur við Alcoa

Atkvæðagreiðslu um nýjan vinnustaðasamningi AFLs/RSÍ við Alcoa er lokið.

Samningurinn var samþykktur af rúmlega 75% þeirra sem þátt tóku, en þátttaka var tæplega 70%.

Samningurinn gildir til tveggja ára frá 1. mars s.l og helstu breytingar hans snúa að launahækkunum og vinnutímastyttingum.


Auk þess hefur fyrstu hækkun fólks sem hefur störf verið flýtt úr tólf mánuðum í þrjá.

Aðalfundur AFLs

Aðalfundur AFLs verður haldinn á Egilsstöðum 22. apríl n.k. Undirbúningur fundarins stendur yfir en auk hefðbundinna aðalfundarstarfa verða rædd málefni liðandi stundar, málefni félagsins og annað sem brennur á fundarmönnum. Aðalfundurinn er helsti vettvangur félagsmanna til að tjá sig um reksturinn, kjaramálin og áherslur félagsins í nútíð og framtíð.

Athygli félagsmanna er vakin á því að til að tryggja sér ferð á fundinn frá næsta þéttbýlisstað og kvöldverð að fundi loknum þarf að tilkynna þátttöku til félagsins nokkrum dögum fyrir fund.

Hægt er að skrá sig með pósti á asa@asa.is



Hitavandamál í Stakkholti

Félagsmenn AFLs sem gist hafa í íbúðum félagsins í Stakkholti síðustu mánuði hafa komið í „kaldar“ íbúðir en veruleg vandamál hafa verið með að halda hita á ákveðnum íbúðum í mestu kuldum vetrarins.

AFL hefur verið með pípulagningameistara til að vinna að lagfæringum og er búið að gera margar tilraunir – m.a. skipta um þrýstiskynjara og þrýstijafnara á lögnum og yfirfara allar stillingar. Svo virðist sem íbúðir sem eru aftast í hverri slaufu – lendi í vandræðum með að koma „köldu“ heitu vatni frá sér og því situr vatn fast í ofnunum og kólnar.

Fólk hefur tekið eftir því að þó ofnar séu allir kaldir – kemur fljótt heitt vatn í krana og sturtu. Það er af því að frárennsli neysluvatns er annað en frárennsli hitaveituvatns.

Þetta er því vandamál víðar en í íbúðum AFLs og tengist því að frárennsli frá hverfinu er of

þröngt en mikið hefur verið byggt á þessum þrönga reit síðustu ár. Svo virðist vera að þegar kuldinn er kominn í tveggja stafa tölu – ráði frárennsli hverfisins ekki við magn „kalda vatnsins“.

Við höfum því fá úrræði önnur en að setja rafmagnshitablásara í íbúðirnar og hefur það verið gert. Því miður hafa einhverjir blásaranna horfið jafnóðum.

Á tímabili í vetur var erfitt að fá blásara og fór umsjónarmaður okkar milli verslana og keypti þá blásara sem hann náði í hverju sinni.

Við getum ekki lofað úrbótum á þessu ástandi því það er hreinlega ekki á okkar valdi að auka stærð frárennslisröra í borginni – en næsta vetur reynum við að vera betur undirbúin með rafmagnsöfna.


Félagsmenn hafa almennt brugðist vel við þessum vandkvæðum og tekið ástandinu með jafnaðargeði.



Íbúðir AFLs við Stakkholt í Reykjavík.

30% fjölgun félagsmanna AFLs á tíu árum

Um 10.000 kennitölur fara um félagakerfi AFLs á hverju ári en þar af eru margir sumarstarfsmenn og aðrir sem koma í stuttan tíma. En þeir sem geta talist fullgildir félagar 2013 voru um 5.600 en eru í dag um 7.300. Þetta er fjölgun um 28% á tíu árum og er vísbending um þróttmikið atvinnulíf og þróun.



Félagakerfi AFLs selt að hluta

Gengið hefur verið frá kaupum fjögurra verkalyðsfélaga á 46% hlutfjár í Félagakerfinu Tótal ehf. Stærsti kaupandinn er Efling Stéttarfélag sem keypti 30% hlutfjár, Verkalyðsfélagið Hlíf sem keypti 10% og Aldan-stéttarfélag og Stéttarfélag Vesturlands sem keyptu 3% hvort.

Ný stjórn hlutafélagsins tekur við rekstri þess á næstu dögum, en jafnframt eru nokkur verkalyðsfélög sem biða kynninga á kerfinu og hafa sýnt áhuga á að slást í hópinn. Enn standa yfir viðræður við hugbúnaðarfyrirtæki um hýsingu á kerfinu og samþættingu við bókhaldskerfi, en AFL hefur verið með þjónustu hjá Wise ehf og notað bókhaldskerfið Navision, og með hýsingu hjá TRS á Selfossi.

Fyrirhugað er að færa bókhaldið yfir í Business Central sem er aðallega skjjalausn og kallar á breytingar á vefþjónustum. Miðað er við að ein lausn verði fyrir öll félög sem koma inn í kerfið.

Félögin fimm hafa náði samráð um framtíðar skipan á félagakerfinu og munu í sameiningu móta stefnu um uppbyggingu þess. Þegar þessi félög leggja saman aukast mjög möguleikar og nefna má að meðal starfsmanna Hlífar er rússneskumælandi starfsmaður sem þegar hefur hafið að þýða „mínar síður“ og á skrifstofu Eflingar starfar Úkraínumaður sem sömuleiðis hefur hafið þýðingu á „mínun síðum“. Þannig geta félögin lagt saman krafta sína þannig að öllum komi vel.

Meðal verkefna sem verður ráðist í á næstu vikum er að gera „mínar síður“ enn gagnvirkari og að auðveldara verði fyrir félagsmenn að tilkynna um

breytingar á starfi og enn fremur að setja inn „starfsstöðvar“ því mikið af fyrirtækjum eru með margar starfsstöðvar.

Skráning starfsstöðva verður mikilvæg m.a. til að hafa yfirsýn um hvar vantar trúnaðarmenn og við skipulagningu í vinnudeilum. Þannig verða t.d. skip útgerðarfélaganna hvert ein starfsstöð og deildir fiskvinnslufyrirtækjanna hver ein starfsstöð.

Einnig verða starfsstöðvar sveitarfélaga, leikskólar, útbú áhaldahúsa og svo framvegis – hver ein starfsstöð.

Öll stærri verkalyðsfélög glíma við að félagatalið er oft ófullkomið – þ.e. skráning félagsmanns er ekki uppfærð þegar hann skiptir um starf eða lýkur t.d. iðnmenntun. Þetta hefur síðan víðtæk áhrif t.d. í undirbúningi vinnudeilna, gerð kjörskráa v. nýgerðra samninga og við trúnaðarmannakjör.

Ef t.d. er litið til skilagreina félagsmanna AFLs sem starfa hjá ríkisstofnunum – þá eru engar upplýsingar á skilagreininni um það við hvað félagamaður starfar eða á hvaða starfsstöð. Því eru starfsmenn félagsins að rýna í félagakerfið t.d. við undirbúning trúnaðarmannakosninga.

Með þessum breytingum sem fyrirhugaðar eru – eru félagsmenn hvattir til að skrá starfsstöðvar sínar og rétt starf og viðmót á mínum síðum verður gert betra og gegnsærra. Þá stendur til að auka gagnvirkni í orlofskerfi og gefa félagsmönnum meira „vald“ á eigin bókunum – t.d. með því að opna aðgangsheimildir og breyta og flytja bókanir.

TOTAL
F É L A G A K E R F I